

Ársskýrsla safnaráðs 2017



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

Efnisyfirlit

Kveðja framkvæmdastjóra	3
1. Safnaráð – hlutverk og ráðsmenn.....	4
1.1. Hlutverk ráðsins.....	4
1.2. Ráðsmenn.....	4
2. Starf ráðsins á árinu 2017.....	5
2.1. Fundir ráðsins.....	5
2.2. Rekstur skrifstofu.....	5
2.3. Uppgjör safnasjóðs 2017.....	6
2.4. Vefsíða safnaráðs.....	7
2.5. Umsóknavefur safnaráðs.....	7
3. Úthlutanir úr safnasjóði.....	8
3.1. Aðalúthlutun úr safnasjóði 2017.....	8
3.2. Aukaúthlutun úr safnasjóði 2017.....	8
3.3. Úthlutunarreglur safnasjóðs og nýjar verklagsreglur 2017.....	8
4. Viðurkenning safna.....	10
5. Stofnskrár.....	11
6. Eftirlitshlutverk safnaráðs.....	11
6.1. 1. Eftirlit með rekstri safns.....	11
6.2. 2. Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum.....	11
6.3. 3. Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum.....	12
6.4. Nýting styrkja úr safnasjóði.....	12
7. Önnur hlutverk safnaráðs samkvæmt safnalögum.....	13
7.1. Ábyrgðarsöfn.....	13
7.2. Grisjun safnkosts hjá viðurkenndum söfnum safna.....	13
8. Önnur mál.....	13
Flutningur skrifstofu safnaráðs.....	13
Erlend samskipti safnaráðs.....	13
Fagráð lista og skapandi greina hjá Íslandsstofu.....	14
Skýrsla um málþing safnaráðs.....	15
Sérverkefni safnaráðs – Menntunarhlutverk safna með áherslu á stafræna miðlun safna.....	15
A. Viðauki – listi yfir viðurkennd söfn 2017.....	16
B. Viðauki – úthlutanir úr safnasjóði 2017.....	18
a) Aðalúthlutun úr safnasjóði 2017 – verkefnastyrkir.....	18
b) Aðalúthlutun úr safnasjóði 2017 – rekstrarstyrkir.....	22
c) Aukaúthlutun úr safnasjóði 2017 – verkefnastyrkir tileinkaðir símenntun.....	24
d) Greining á úthlutun úr safnasjóði 2017.....	26

e)	Fjárveitingar til safnasjóðs 2002-2017	28
C.	Viðauki – upplýsingar um rekstur safna og faglegt starf viðurkenndra safna á Íslandi 2016.....	29
a)	Eignarhald	29
b)	Rekstrartekjur	30
c)	Rekstrartekjur á safn	31
d)	Rekstrargjöld	32
e)	Gestafjöldi.....	34
f)	Aðgangseyrir	35
g)	Starfsmannamál.....	35
h)	Staða skráningar viðurkenndra safna.....	36

Kveðja framkvæmdastjóra

Í byrjun ársins 2017 var nýtt safnaráð skipað í annað sinn eftir að safnalög nr. 141/2011 tóku gildi. Skipað er í safnaráð til fjögurra ára, frá 1. janúar 2017 til 31. desember 2020. Einn nýr aðalfulltrúi tók sæti í ráðinu og þrír varafulltrúar, aðrir fulltrúar héldu áfram og fráfarandi fulltrúum er þakkað fyrir vel unnin störf.

Í byrjun árs 2017 flutti safnaráð skrifstofur sínar í húsið Gimli í Lækjargötu 3 í Reykjavík eftir sjö ára veru í turni safnhúss Þjóðminjasafns Íslands. Gimli er orðinn vísir að litlum menningarstofnanaklasa, en ásamt safnaráði eru þar Listahátíð í Reykjavík, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og verkefnið List fyrir alla, auk tveggja hönnunarfyritækja. Flutningurinn er gæfuspor fyrir safnaráð og framkvæmdastjóra, enda mörg verkefni þessara litlu stofnana sviplík og gott að geta fengið góð ráð og veitt þau öðrum í svipaðri stöðu.

Ný vefsíða safnaráðs leit dagsins ljós í júlí eftir góða samvinnu framkvæmdastjóra safnaráðs og þeirra Margrétar Sveinbjörnsdóttur hjá Brúarsmiðjunni, sem var ritstjóri vefsins, og Jóns Inga Stefánssonar vefhönnuðar. Þetta var mikið og tímafrekt verkefni en mikil ánægja er með útkomuna.

Eitt safn fékk viðurkenningu á árinu, en það var Listasafn Háskóla Íslands og þykir mikill fengur að fá safn innan vébanda Háskóla Íslands í hóp öflugra listasafna á landinu. Eitt viðurkennt safn, Tónlistarsafn Íslands, var lagt niður í því rekstrarformi sem það var í, en safnkostur safnsins er þó vel varðveittur hjá Þjóðminjasafni Íslands og Þjóðskjalasafni Íslands.

Nýjar verklagsreglur voru samþykktar, en þær voru endurskoðaðar í kjölfar nýrra úthlutunarreglna og vegna þess að úthlutanir úr safnasjóði eru nú tvær talsins, aðalúthlutun að vori og aukaúthlutun að hausti. Við aukaúthlutun var einnig bætt við einni verkefnastyrktegund, *Námskeið/fyrirlesarar* en áður var styrktegundin *Símenntunarstyrkur fyrir starfsmenn safns* í boði frá árinu 2016. Þessar áherslur verða áfram í aukaúthlutun á næsta ári, enda hefur verið gerður góður rómur að þessari viðbót og hafa viðurkennd söfn notið góðs af.

Árið 2017 úthlutaði mennta- og menningarmálaráðherra að fenginni umsögn safnaráðs alls 106.542.700 kr. úr safnasjóði. Úr aðalúthlutun safnasjóðs voru veittar alls 97.329.000 kr., þar af voru verkefnastyrkir alls 72.229.000 kr. til 86 verkefna, auk þess sem 25.100.000 kr. var úthlutað í rekstrarstyrki til 38 safna. Alls bárust 146 verkefnaumsóknir og veittir styrkir voru á bilinu 150.000 kr. upp í tvær milljónir króna. Úr aukaúthlutun safnasjóðs voru veittar alls 9.213.700 kr. í 35 símenntunarstyrki til viðurkenndra safna. Safnasjóður eflir faglegt safnastarf á landinu og von er að sjóðurinn eflist enn frekar á næstu árum svo að hann geti enn fremur styrk og stutt við menningararf þjóðarinnar.

Með kveðju,
Þóra Björk Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri safnaráðs.

1. Safnaráð – hlutverk og ráðsmenn

1.1. Hlutverk ráðsins

Safnaráð er stjórnarsýslunefnd sem skipuð er af mennta- og menningarmálaráðherra til fjögurra ára í senn samkvæmt safnalögum nr. 141/2011.

Meginhlutverk safnaráðs er að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu, vinna að stefnumörkun um safnastarf, fjalla um stofnskrár og viðurkenningar safna og veita umsagnir um styrkumsóknir í safnasjóð.

Safnaráð hefur eftirfarandi hlutverk samkvæmt 7. gr safnalaga nr. 141/2011:

- a. að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu,
- b. að vinna að stefnumörkun um safnastarf í samvinnu við höfuðsöfn sem send er ráðherra til samþykktar,
- c. að fjalla um stofnskrár eða samþykktir safna og staðfesta þær,
- d. fjalla um viðurkenningu safna og afturköllun viðurkenningar áður en tillögur þar að lútandi eru sendar ráðherra,
- e. að setja skilmála um húsnæði safna, þar á meðal staðla um aðgengi og öryggismál þeirra,
- f. að setja skilmála um staðla fyrir skráningarkerfi safna og viðurkenningu á skráningarkerfum,
- g. að veita viðkomandi höfuðsafni umsögn um erindi er varða ráðstöfun eða förgun safngripa,
- h. að leggja mat á þörf fagsviðs eða landsvæðis fyrir sérstakt ábyrgðarsafn og fjalla um tillögu þar að lútandi áður en höfuðsafn sendir hana ráðherra,
- i. að setja safnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
- j. að veita umsögn um styrkumsóknir úr safnasjóði,
- k. að sinna öðrum verkefnum á sviði safnamála samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

1.2. Ráðsmenn

Nýtt safnaráð var skipað í janúar 2017 og mun starfa til 31. desember 2019.

Aðalfulltrúar

Formaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar:

dr. Ólafur Kvaran, listfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands.

Varaformaður, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar:

Anna Sigríður Kristjánsdóttir, viðskiptafræðingur og starfsmaður Arion banka.

Fulltrúi skipaður af Sambandi íslenskra sveitarfélaga:

Sigríður Björk Jónsdóttir, byggingarlistasögufræðingur og sérfræðingur hjá Skipulagsstofnun.

Fulltrúi tilnefndur af Félagi íslenskra safna og safnmanna:

Haraldur Þór Egilsson, sagnfræðingur og forstöðumaður Minjasafnsins á Akureyri.

Fulltrúi tilnefndur af Íslandsdeild ICOM, alþjóðaráðs safna:

Helga Lára Þorsteinsdóttir, safnafræðingur og safnstjóri RÚV safns.

Varafulltrúar

Skipaðar af ráðherra án tilnefningar: Valborg Snævarr og Birta Guðjónsdóttir.

Tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Magnús Karel Hannesson.

Tilnefnd af Félagi íslenskra safna og safnmanna: Gunnþóra Halldórsdóttir.

Tilnefnd af Íslandsdeild ICOM, alþjóðaráðs safna: Sigurður Trausti Traustason.

Fulltrúar höfuðsafna eru:

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður.
Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður Listasafns Íslands.
Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands.

Framkvæmdastjóri safnaráðs:

Þóra Björk Ólafsdóttir, viðskiptafræðingur BSc., safnafræðingur MA.

2. Starf ráðsins á árinu 2017

2.1. Fundir ráðsins

Í upphafi árs 2017 flutti skrifstofa safnaráðs sig um set í Lækjargötu 3, 101 Reykjavík, í húsið Gimli eftir sjö ára veru í safnhúsi Þjóðminjasafnsins.

Í Gimli eru meðal annars einnig til húsa Listahátíð í Reykjavík og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar.

Safnaráð hélt alls tíu fundi á árinu. Sjö þeirra voru haldnir í fundarstofu Safnahússins við Hverfisgötu, einn í húsakynnum Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn hjá Menningarhúsum Kópavogs og einn í Norræna húsinu. Fundargerðir safnaráðs eru aðgengilegar á vef ráðsins www.safnarad.is. Eftirfarandi fundir voru haldnir 2017:

- 158. fundur safnaráðs – 25. janúar 2017
- 159. fundur safnaráðs – 28. febrúar 2017
- 160. fundur safnaráðs – úthlutunarfundur safnaráðs - 6. mars 2017
- 161. fundur safnaráðs – 28. mars 2017
- 162. fundur safnaráðs – 16. maí 2017
- 163. fundur safnaráðs – 20. júní 2017
- 164. fundur safnaráðs – 5. september 2017
- 165. fundur safnaráðs – 10. október 2017
- 166. fundur safnaráðs – 7. nóvember 2017
- 167. fundur safnaráðs – 14. desember 2017

2.2. Rekstur skrifstofu

Safnaráð rekur skrifstofu og sér framkvæmdastjóri safnaráðs um allt er lýtur að rekstri hennar, veitir innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um safnamál, sinnir vefsíðu, Facebook-síðu, viðburðum og útgáfum, undirbýr ákvarðanir og fundi og sinnir framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Skrifstofa safnaráðs er í Gimli, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík. Safnaráð leigir skrifstofuaðstöðu af Listahátíð í Reykjavík og tölvuþjónustu af Nýherja/Origo.

2.3. Uppgjör safnasjóðs 2017

Í fjárlögum fyrir árið 2017 var safnasjóði úthlutað 131,7 milljónum króna sem er 4,10% aukning frá fyrra ári og einnig færðust 4.211.018 kr. frá árinu 2016, til ráðstöfunar alls voru því samtals 135,9 milljónir króna.

Samkvæmt rekstraráætlun var gert ráð fyrir 108,5 milljónum króna úthlutun úr safnasjóði og var aðalúthlutun safnasjóðs 2017 97,3 milljónir króna og síðari úthlutun, símenntunarstyrkir til viðurkenndra safna, alls 9,2 milljónir króna. Endanleg úthlutun úr safnasjóði var því 106,5 milljónir króna.

Rekstur safnaráðs skiptist í launagjöld, annan rekstur og í lögbundin hlutverk. Launagjöld safnaráðs eru laun og launatengd gjöld vegna starfsmanns og nefndarlauna safnaráðs. Launakostnaður var alls 10,8 milljónir króna árið 2017. Innifalinn í kostnaði við annan rekstur er allur rekstur skrifstofu safnaráðs þar með talinn tölvubúnaður og hugbúnaður, kostnaður og ferðakostnaður vegna funda og starfsemi ráðsins, auglýsingakostnaður vegna safnasjóðs, auk kostnaðar vegna sérverkefna safnaráðs, þar með talinn kostnaður vegna viðburða og útgáfu safnaráðs og annar ófyrirséður kostnaður. Í annan rekstur fóru 6,2 milljónir króna, en ýmis einskíptiskostnaður féll til árið 2017, til að mynda vegna flutninga skrifstofu og nýrrar vefsíðu ráðsins.

Kostnaður vegna lögbundins hlutverks safnaráðs árið 2017 var tæpar 4,5 milljónir kr. Þeir kostnaðarliðir sem teljast til lögbundins hlutverks ráðsins er meðal annars eftirlit með viðurkenndum söfnum, yfirllestur umsókna í safnasjóð auk ýmiss fræðslukostnaðar, svo sem efni á nýja vefsíðu sjóðsins.

Eftirstöðvar ársins 2017 eru tæpar 6,5 milljónir króna eða um 4,8% af ráðstöfunarfé sjóðsins.

SAFNASJÓÐUR - 2017		
	Heimild	Greitt
Fjárlög	131.700.000	
Flutt frá fyrra ári	4.211.018	
Rekstur – viðfang 02-918-11010:		
Greidd laun, fæðispeningar, akstur (úr launakerfi)		10.765.080
Lögbundin hlutverk safnaráðs		4.464.704
Annar rekstur		6.248.560
Leiga skrifstofu safnaráðs		1.396.000
Samtals rekstur:		22.874.344
Styrkir til safna – viðfang 02-918-11000:		
Ýmis söfn, greiddir styrkir		106.542.700
Ógreiddir styrkir, skv. úthlutun, bókaðir 31.12.2017		
Samtals styrkir:		106.542.700
Samtals heimild 2017	135.911.018	
Samtals greitt og bókað 31. desember 2017		129.417.044
Eftirstöðvar:		6.493.974

2.4. Vefsíða safnaráðs

Ný vefsíða safnaráðs á vefslóðinni www.safnarad.is var opnuð í júlí með nýju og endurbættu útliti. Nýja síðan er mun notendavænni en sú gamla og auðveldara er að nálgast upplýsingar, auk þess að vera mun ódýrari í rekstri. Síðan er auðveld í notkun fyrir höfunda efnis, en vefurinn er settur upp í vefumsjónarkerfinu WordPress sem er þægilegt í notkun og hentar vel litlum einingum sem safnaráði.

Hönnun síðunnar var í höndum Jóns Inga Stefánssonar vefhönnuðar og Margrétar Sveinbjörnsdóttur hjá Brúarsmiðjunni. Síðan var algerlega tekin í gegn og endurhönnuð bæði í útliti, en nú er hún myndskreytt með ljósmyndum sem safnaráð fékk góðfúslega frá nokkrum viðurkenndum söfnum, auk þess sem uppröðun breyttist verulega, texti lagfærður og gerður aðgengilegri.

Vefsíðan er uppfærð reglulega og á henni birtast allar fréttatilkynningar, auglýsingar og fundargerðir sem ráðið sendir frá sér. Vefsíðan er upplýsingaveita um starfsemi ráðsins og þar er einnig að finna umsóknavef safnaráðs, sniðmát, skilmála og reglur sem snúa að umsóknum til ráðsins. Síðan er enn í nokkurri mótun og mun þróast áfram næstu mánuði.

2.5. Umsóknavefur safnaráðs

Vefsíða og eyðublöð safnaráðs eru í stöðugri þróun til að bæta aðgengi og öryggi. Nýr umsóknavefur, FocalForms frá Nýherja, var tekinn í notkun 2016, <https://safnarad.eydublod.is/Forms>, og hefur reynst vel. Þetta er rafrænt umsóknakerfi og til að gæta fyllsta öryggis skrá umsækjendur sig inn með svokölluðum Íslykli eða með rafrænum skilríkjum. Þessi aðgangur uppfyllir öryggisskilmála og umsjón með honum er í höndum Þjóðskrár. Þær umsóknir og skil sem fara í gegnum umsóknavefinn eru:

Umsóknir í safnasjóð:

- Umsóknir um verkefnastyrki
- Umsóknir um rekstrarstyrki
- Umsóknir viðurkenndra safna um símenntunarstyrki

Skil til safnaráðs:

- Árleg skýrsla safna
- Skýrslur um nýtingu styrkja
- Beiðni um frestun á nýtingu styrks

Kerfið er einfalt og er sá möguleiki fyrir hendi að umsækjendur geti vistað umsóknir sínar og verið með fleiri en eina umsókn í vinnslu í einu auk þess sem umsækjendur geta fundið fyrri umsóknir sínar. Það auðveldar umsækjendum yfirlestur umsókna og samræmingu. Fyrir safnaráð er ótvíræður kostur að geta nálgast allar umsóknir og skil safna á einum stað, auk þess að auðvelt er að kalla fram excel-skjöl umsókna og skila sem auðveldar til muna alla eftirvinnu.

3. Úthlutanir úr safnasjóði

3.1. Aðalúthlutun úr safnasjóði 2017

Úthlutunarfundur safnaráðs vegna aðalúthlutunar 2017 var haldinn 6. mars 2017, þar var tillaga að úthlutun styrkja úr safnasjóði árið 2017 samþykkt og send mennta- og menningarmálaráðherra til endanlegrar ákvörðunar. Við gerð tillögunnar var samkvæmt auglýsingu farið eftir úthlutunarreglum safnasjóðs frá 1. júní 2016 og safnalögum nr. 141/2011 auk þess að unnið var eftir úthlutunarreglum safnaráðs.

Alls bárust að þessu sinni umsóknir um styrki í samtals 146 verkefni. Að fenginni umsögn safnaráðs úthlutaði mennta- og menningarmálaráðherra alls 97,3 milljónum króna þann 26. apríl. Af þeirri upphæð var 72,3 milljónum úthlutað til 86 einstakra verkefna en 25,1 milljón fór í rekstrarstyrki til viðurkenndra safna um land allt. Verkefnastyrkir voru frá 120.000 kr. upp í tvær milljónir kr. Úthlutun úr safnasjóði árið 2017 var kynnt á 162. fundi safnaráðs í maí.

Yfirlit yfir styrkveitingar safnasjóðs á árinu 2017 má finna í viðauka B.

3.2. Aukaúthlutun úr safnasjóði 2017

Árið 2017 var annað árið þar sem úthlutað var tvisvar sinnum úr safnasjóði, en að hausti er minni úthlutun úr safnasjóði til viðurkenndra safna, þar sem auglýst er eftir verkefnastyrkjum til skilgreindra verkefna og verður úthlutunin fyrst um sinn ætluð til símenntunarstyrkja til eflingar faglegu starfi safnanna og til að efla þátt símenntunar. Gátu viðurkennd söfn sótt um tvenns konar styrki, einn verkefnastyrk af tegundinni *símenntunarstyrkur fyrir starfsmenn safns* og einn verkefnastyrk af tegundinni *námskeið/fyrirlesarar*. *Símenntunarstyrk fyrir starfsmenn safns* má nota til að sækja formlega menntun (til dæmis með skipulögðum námskeiðum) eða til óformlegri námsferða, svo sem heimsókn á söfn hérlendis sem erlendis, eða sem ferða- og uppihaldsstyrk til starfsmannaskipta safna. *Námskeið/fyrirlesarar* er styrkveiting hugsuð til námskeiðahalds eða fyrirlestra innanlands sem gæti nýst stærri hóp safnamanna. Nýta má styrki innanlands jafnt sem erlendis og er hver styrkur að hámarki 300.000 krónur. Heildarupphæð úthlutunar og heildarfjöldi styrkja í aukaúthlutun safnasjóðs er eftir aðstæðum hverju sinni.

Umsóknarfrestur fyrir aukaúthlutun var í október og var tillaga safnaráðs um styrkveitingar tekin fyrir á 166. fundi safnaráðs í nóvember og í kjölfarið send mennta- og menningarmálaráðherra.

Í desember úthlutaði ráðherra símenntunarstyrkjum úr safnasjóði, alls 9.213.700 kr. 27 viðurkennd söfn fengu alls 35 símenntunarstyrki, frá 28.700 kr. til 300.000 kr. hver. 19 styrkir voru veittir af tegundinni *Símenntun fyrir starfsmenn safns* og styrkupphæð var alls 4.911.700 kr. og 16 styrkir voru veittir af tegundinni *Námskeið/fyrirlesarar*, alls 4.302.000 kr.

Yfirlit yfir styrkveitingar safnasjóðs á árinu 2017 má finna í viðauka B.

3.3. Úthlutunarreglur safnasjóðs og nýjar verklagsreglur 2017

Úthlutunarreglur vegna safnasjóðs voru samþykktar af mennta- og menningarmálaráðherra 1. júní 2016, en þær voru unnar 2014-2015 af safnaráði í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og var fyrst úthlutað eftir þeim vegna úthlutunar 2016 og svo aftur nú 2017.

Árið 2017 voru verklagsreglur safnasjóðs endurskoðaðar, en safnaráð samþykkti að setja á laggirnar vinnuhóp um verklag um styrkveitingar úr safnasjóði. Skilaði vinnuhópurinn minnisblaði til safnaráðs í

lok ágúst auk þess sem tillögur hópsins voru hafðar til hliðsjónar við endurskoðun á verklagsreglunum sem safnaráð samþykkti á 164. fundi safnaráðs. Helstu breytingar sneru að því að samræma verklagið við úthlutunarreglurnar, þá sérstaklega vegna nýrra reglna um úthlutun rekstrarstyrkja og vegna þess nýmælis að úthlutun úr safnasjóði er tvisvar á ári í stað einu sinni áður. Í vinnuhópnum voru, auk framkvæmdastjóra safnaráðs: Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri, Helga Lára Þorsteinsdóttir, safnstjóri hjá RÚV safni, Sif Jóhannesdóttir, safnstjóri Menningarmiðstöðvar Þingeyinga og Kristín Dagmar Jóhannesdóttir, safnstjóri Gerðarsafns. Sérfræðihópurinn verður kallaður aftur saman eftir úthlutun úr safnasjóði 2018.

Nokkrar breytingar voru gerðar á verkferlum vegna úthlutunar úr safnasjóði. Helst má telja breytingar á tímalínu fyrir umsóknir í safnasjóð 2018, sem miðuðu að því að flýta matsferlinu, þannig að tillaga kæmi fyrir til ráðherra og því ætti fyrir að vera ljóst hver niðurstaða úthlutunar verður.

Stöðugt er verið að vinna að endurbótum á umsóknareyðublöðum vegna umsókna í safnasjóð og voru nokkrar breytingar einnig gerðar þar. Til dæmis samþykkti safnaráð að umsækjendur um rekstrarstyrki í safnasjóð muni framvegis sækja um einn af þeim fjórum þáttum sem eru tilteknar í úthlutunarreglum safnasjóðs. Aðrar breytingar voru einnig gerðar á umsóknareyðublöðum með það að markmiði að annað hvort auðvelda umsækjendum ferlið eða til þess að gera starf matsnefndar skilvirkari.

4. Viðurkenning safna

Á árinu 2013 undirbjó safnaráð skilmála fyrir viðurkenningu safna samkvæmt 10. gr. safnalaga. Auglýst er árlega eftir umsóknum um viðurkenningu og var umsóknarfrestur 2017 til 31. ágúst 2017.

Í samræmi við 9. gr. safnalaga fá viðurkennd söfn að nota einkennismerki safnaráðs sem er byggt á merki safnaráðs. Einar Gylfason hannaði merkið. Viðurkenndum söfnum er heimilt að nota merkið í kynningu á starfsemi sinni.

Safnalög nr. 141/2011 taka ekki með beinum hætti við því hvernig ætti að standa að því ef safni yrði tilkynnt um afturköllun viðurkenningar eða ef safn myndi óska eftir að afsala viðurkenningu safnaráðs. Í 9. gr. safnalaga segir: „Ráðherra getur afturkallað viðurkenningu safns að fenginni tillögu safnaráðs telji ráðið að safnið uppfylli ekki lengur skilyrði viðurkenningar.“ Og í 12. gr. segir: „Lok starfsemi og ráðstöfun eigna og safnkosts. Í stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal kveðið á um ráðstöfun eigna þess og safnkosts verði safnið lagt niður eða rekstrarformi þess breytt. Hafi viðurkennt safn notið opinberra styrkja skv. 11. eða 22. gr. skal safnkosti þess ráðstafað í samræmi við fyrirmæli stofnskrár eða samþykktta og í samráði við viðkomandi höfuðsafn. Öðrum eigum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti.“ Í ljósi þessa fékk safnaráð á árinu að kalla eftir lögfræðilegu álit á hvernig standa ætti að afturköllun viðurkenningar eða afsali viðurkenningar ef til þess myndi koma og fékk ráðið Áslaugu Björgvinsdóttur hdl. hjá Logos lögmannsþjónustu til að vinna álitssgerð um þetta mál. Var það sent mennta- og menningarmálaráðuneyti til upplýsingar.

Árið 2017 sóttu tvö söfn eða setur um viðurkenningu. Á grundvelli tillögu frá 165. fundi safnaráðs ákvað mennta- og menningarmálaráðherra að hafna einni umsókn en veita einu safni, Listasafni Háskóla Íslands, viðurkenningu án skilyrða.

Eitt viðurkennt safn, Tónlistarsafn Íslands, var lagt niður í því rekstrarformi sem það var í og var safnkostur þess fluttur til Þjóðminjasafns Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til varðveislu.

Í árslok 2016 voru því viðurkennd söfn 46.



5. Stofnskrár

Safnaráð tekur við stofnskrám til staðfestingar frá söfnum sem sækjast eftir viðurkenningu samkvæmt safnalögum og eins ber viðurkenndum söfnum að senda stofnskrár sínar til samþykktar verði gerðar á þeim breytingar. Engin stofnskrá var staðfest á árinu 2017 aðrar en þær sem tengjast því safni sem fékk viðurkenningu.

Samkvæmt safnalögum ber að birta staðfestar stofnskrár viðurkenndra safna í B-deild Stjórnartíðinda og kom tilkynning frá Stjórnartíðindum í lok ársins 2017 að endurbirtingar væri þörf á nokkrum stofnskrám, verður það gert á fyrsta ársfjórðungi 2018.

6. Eftirlitshlutverk safnaráðs

Eitt megin hlutverk safnaráðs samkvæmt safnalögum er að hafa eftirlit með viðurkenndum söfnum sem starfa eftir skilmálum safnaráðs um starfsemi viðurkenndra safna.

Samkvæmt samþykkt safnaráðs er eftirlit þess með viðurkenndum söfnum þríþætt, einnig má telja að skýrslur um nýtingu styrkja úr safnasjóði séu hluti af eftirliti safnaráðs.

Eitt viðurkennt safn í eigu sveitarfélags fékk athugasemdir frá safnaráði vegna breytinga á starfsemi árið 2017 og fékk safnið frest fram í nóvember 2017 til að bregðast við þeim athugasemdum. Helstu áhyggjuefni voru þau að með breyttu rekstrarfyrirkomulagi var ekki að sjá að sú sérfræðipækning væri fyrir hendi hjá safninu til að uppfylla kröfur vegna faglegs starfs viðurkennds safns. Voru svör safnsins og eigenda þess ekki fullnægjandi og verður því áfram fylgst með starfsemi safnsins á fyrstu mánuðum ársins 2018.

Eftirlit safnaráðs með viðurkenndum söfnum skiptist í:

1. Eftirlit með rekstri safns
2. Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum
3. Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum

6.1. 1. Eftirlit með rekstri safns

Þetta er árlegt eftirlit sem er framfylgt með því að viðurkennd söfn skila *Árlegri skýrslu viðurkenndra safna* til safnaráðs. Samkvæmt safnalögum ber söfnum að skila árlegri skýrslu um starf sitt til safnaráðs og er það hluti af 1. hluta eftirlits safnaráðs. Skýrslunni er skilað í gegnum umsóknavef safnaráðs og var skilafrestur árið 2017 fyrir árlega skýrslu safnaráðs vegna rekstrarársins 2016 þann 31. október 2017. Gögn, sem safnað er með þessum hætti, nýtast ráðinu bæði við eftirlit með starfi viðurkenndra safna og til að fá yfirsýn yfir safnastarf í landinu. Greining á gögnunum birtist í viðauka með þessari skýrslu.

6.2. 2. Eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum

2. hluti eftirlitsins, *Eftirlit með húsakosti safnsins, aðbúnaði safnkosts, varðveislu gripa og öryggismálum* var ýtt úr vör á árinu 2016 og hélt áfram 2017. Þessi hluti eftirlitsins er þróaður í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, höfuðsafn á sviði menningarminja. Þessi hluti eftirlitsins fer fram á nokkurra ára fresti og er framkvæmdur af eftirlitsnefnd safnaráðs. Er því framfylgt með því að viðurkennd söfn skila eftirlitseyðublöðum safna til safnaráðs sem eftirlitsnefndin fer yfir. Í kjölfarið fá

söfnin matsskýrslu eftirlitsnefndar með athugasemdum og tillögu að úrbótum. Um það bil tveimur árum eftir tilkynningu um eftirlit fær safnið heimsókn eftirlitsnefndar á staðinn. Hefur þetta verklag reynt vel, söfn eru almennt jákvæð vegna þessara breytinga og nýtast eyðublöðin einnig sem gátlisti fyrir söfnin.

Fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands hefur Nathalie Jaquemet varðveislustjóri safnsins að mestu komið að þessari vinnu. Í eftirlitsnefnd safnaráðs eru auk Nathalie forverðirnir Ingibjörg Áskelsdóttir, Karen Þóra Sigurkarlsdóttir, Kristín Gísladóttir og Þórdís Baldursdóttir.

Eftirfarandi söfn fengu tilkynningu um eftirlit safnaráðs árið 2017:

- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Byggðasafn Hafnarfjarðar
- Gljúfrasteinn, hús skáldsins
- Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar
- Listasafn ASÍ
- Listasafn Reykjavíkur
- Náttúrufræðistofa Kópavogs
- Nýlistasafnið

6.3. 3. Eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnkosti og sýningum

Framfylgt með úttekt sérfræðinga á staðnum og á gögnum eftir þörfum.

Sá hluti eftirlitsins sem tekur á skráningu safngripa, 3. hluti eftirlitsins, er ekki kominn af stað, en verður unnið að undirbúningi að verklagi við þann hluta eftirlitsins árið 2018.

6.4. Nýting styrkja úr safnasjóði

Styrkþegar úr safnasjóði þurfa að skila skýrslu til safnaráðs um nýtingu styrkja úr safnasjóði. Öllum skýrslum um nýtingu styrkja er skilað í gegnum umsóknavef safnaráðs.

Skýrslum um nýtingu styrkja skal skilað í síðasta lagi ári eftir að verkefni lýkur, en mælt er til að styrkþegar skili skýrslum um leið og verkefni lýkur. Á árinu 2017 var lokafrestur til að skila skýrslum um nýtingu styrkja 2015, en árið 2015 voru veittir 130 verkefnastyrkir og samkvæmt safnalögum eiga styrkþegar að skila skýrslum um nýtingu styrkjanna innan tveggja ára. Hundrað tuttugu og tveimur skýrslum var skilað, einn styrkur var endurgreiddur til safnaráðs og frestur fékkst fyrir nýtingu styrks á sjö styrkjum, og er þá skilafrestur í byrjun árs 2018.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, ef verkefnið hefur ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða ef lokaskýrslu hefur ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis.

Ef styrkþegi þarf að óska eftir fresti á nýtingu verkefnastyrks úr safnasjóði, þá má finna eyðublað vegna þess á umsóknavef safnaráðs.

7. Önnur hlutverk safnaráðs samkvæmt safnalögum

7.1. Ábyrgðarsöfn

Árið 2015 voru drög að tillögu starfshóps safnaráðs um ábyrgðarsöfn send til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Á árinu var tillagan rædd að nýju og var samþykkt að senda tillöguna óbreytta aftur til ráðuneytisins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið samþykkti í september tillögu starfshóps safnaráðs um verklag við val á ábyrgðarsöfnum. Beinir ráðuneytið þeim tilmælum til safnaráðs að hefja vinnu við undirbúning þessa verkefnis í samstarfi við höfuðsöfnin þrjú.

7.2. Grisjun safnkosts hjá viðurkenndum söfnum safna

Eitt af hlutverkum safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011 (sjá f-lið 7. gr.) er „að veita viðkomandi höfuðsafni umsögn um erindi er varða ráðstöfun eða förgun safngripa“, er það í samræmi við 17. gr. sömu laga þar sem segir: „Óheimilt er að farga safngripum nema ríkar ástæður séu til. Heimilt er að grisja safnkost á grundvelli grisjunaráætlunar sem höfuðsafn samþykkir. Það höfuðsafn sem í hlut á tekur ákvörðun um förgun safngripa að fenginni umsögn safnaráðs.“ Á árinu fór fram umræða um verkferla við þennan lið safnalaga og á 159. og 161. fundi kynnti Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður þá vinnu sem Þjóðminjasafnið hefur verið í vegna þessa hlutverks höfuðsafnsins og þær grisjunaráætlanir sem höfuðsöfn þurfa að samþykkja.

8. Önnur mál

Flutningur skrifstofu safnaráðs

Safnaráð flutti skrifstofur sínar úr turni Þjóðminjasafnsins að Gimli í Lækjargötu 3 í Reykjavík, þar sem ráðið leigir skrifstofuaðstöðu af Listahátíð í Reykjavík, fleiri menningarstofnanir eru í húsinu, m.a. Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar.

Erlend samskipti safnaráðs

Fundur með Slots- og Kulturstyrelsen í Danmörku. Framkvæmdastjóri átti fund með safnadeild Slots- og Kulturstyrelsen í september síðastliðnum og fékk þar bæði kynningu á starfsemi stofnunarinnar og ráðgjöf varðandi málefni viðurkenndra safna og úthlutun úr sjóðum.

Slots- og Kulturstyrelsen veitir ráðgjöf til menningarmálaráðherra Danmerkur og tekur þátt í að setja markmið og ná markmiðum um menningarstefnu stjórnvalda. Einnig úthlutar stofnunin fé til bæði einstaklinga og stofnana sem starfa að menningu, þar á meðal til safna. Stofnunin sér einnig um að viðurkenna söfn og hafa eftirlit með þeim, en í Danmörku eru fimm söfn í ríkiseigu og 97 önnur söfn eru viðurkennd og geta því fengið ríkisstyrki. Stofnunin rekur ekki söfn sjálf, en veitir styrki til og hefur eftirlit með viðurkenndum söfnum svo og flestum söfnum ríkisins. Þessi söfn eiga að starfa eftir dönskum safnalögum og verða að uppfylla ýmsar kröfur samkvæmt þeim. Mun safnaráð eiga í frekari samskiptum við stofnunina á næstu misserum.

ICOM ráðstefna um erfið málefni í söfnum. Framkvæmdastjóri sótti ráðstefnu ICOM í Helsingborg í Svíþjóð dagana 21.-23. september 2017 undir heitinu Difficult Issues. ICOM Nord og ICOM Germany stóð fyrir ráðstefnunni, en hún var haldin er í samvinnu deildanna tveggja en Íslandsdeild ICOM er virkur aðili að ICOM Nord og fundar árlega meðal landsdeilda Norðurlandanna. Tengdist umfjöllunarefni ráðstefnunnar við yfirskrift alþjóðlega safnadagsins sem var „Söfn og umdeildar sögur: að segja það sem ekki má í söfnum“. Í uppleggi Alþjóðaráðs safna (ICOM) um yfirskrift dagsins kom fram að fyrsta skrefið í þá átt að stuðla að friðsamlegum samskiptum og samfélagi sé að horfast í augu við umdeildar sögur og óþægileg söguleg minni. Að segja það sem ekki má er það sem söfn verða nú að takast á við og þau eru hvött til að taka sér skýrt og friðsamlegt hlutverk í hvers kyns umfjöllum um sálrænt erfiða, sársaukafullar og óþægilegar sögur með þeim einstöku verkfærum og aðferðum sem söfn búa yfir.

Ráðstefna ShareCare í Danmörku, Digitisation and Social Impact. Framkvæmdastjóri sótti ráðstefnu samtakanna ShareCare um stafræna miðlun á menningararfinum 19.-21. nóvember.

Samtökin hafa haldið ráðstefnuna Sharing is Caring árlega frá 2011 og er markmiðið að stuðla að samstarfi og deilingu/miðlun á menningararfinum, þar sem saman koma sérfræðingar, vísindamenn og notendur menningar til að kynna sér rannsóknir og dæmisögur í stafrænni miðlun á menningararfinum. Sótti framkvæmdastjóri þessa ráðstefnu í tengslum við sérverkefni safnaráðs um menntunarhlutverk safna með áherslu á stafræna miðlun.

Fundur með Kulturráðet í Svíþjóð. Framkvæmdastjóri átti fund með Kulturráðet í Svíþjóð í nóvember. Þar var farið yfir safnamál í Svíþjóð og einnig kynnti framkvæmdastjóri stöðu safnamála á Íslandi.

[Fagráð lista og skapandi greina hjá Íslandsstofu](#)

Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri safnaráðs tók sæti í janúar 2017 í fagráði lista og skapandi greina hjá Íslandsstofu.

Á síðu Íslandsstofu segir: Sérstök fagráð, skipuð af stjórn Íslandsstofu, stuðla að því að Íslandsstofa verði öflugur samstarfsvettvangur atvinnulífs og stjórnvalda. Fagráðin eru stjórn Íslandsstofu til ráðuneytis við að móta stefnu og áherslur. Mikilvægt er að fagráðin vinni vel sem bakland Íslandsstofu og leggi sitt af mörkum við þróun nýrra verkefna og öflun fjármuna til þeirra. Fagráðin skulu sýna sjálfstæði við mótun tillagna en endanleg ákvarðanatataka er í höndum stjórnar.

Markmiðið með fagráði lista og skapandi greina er að tryggja markvisst kynningar- og markaðsstarf sem miðar að því að auka gjaldeyrstekjur lista og skapandi greina.

Helstu áherslur fagráðsins:

- Móta áherslur og gæðamarkmið í erlendu samstarfi.
- Þróa átaksverkefni um Ísland sem menningarland.
- Nýta til fulls samlegðartækifæri innan greinarinnar og með öðrum atvinnugreinum við kynningar- og markaðsstarf erlendis.
- Styðja við hagrænar greiningar og vinnu sem miðar að því að sýna þjóðhagslegan ávinning af starfsemi lista og skapandi greina.

Aðilar í fagráði lista og skapandi greina:

Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir

Birna Hafstein

Björg Stefánsdóttir

Halla Helgadóttir (formaður)

Helga Haraldsdóttir

Hrefna Haraldsdóttir

Kolbrún Halldórsdóttir

Laufey Guðjónsdóttir

Ólafur Andri Ragnarsson

Signý Leifsdóttir

Sigtryggur Baldursson

Skafti Jónsson

Póra Björk Ólafsdóttir

Skýrsla um málþing safnaráðs

Safnaráð hélt í samstarfi við Íslandsstofu og Samband íslenskra sveitafélaga málþing um söfn og ferðapjónustu í Safnahúsinu við Hverfisgötu þann 18. nóvember 2016. Ritari málþingsins var Sigurlaug Dagsdóttir þjóðfræðingur, meistaranemi í safnafræðum og stundakennari við Háskóla Íslands og vann hún einnig að ritun skýrslu um málþingið sem kom út í mars 2017. Skýrsluna má finna á vef safnaráðs.

Sérverkefni safnaráðs – Menntunarhlutverk safna með áherslu á stafræna miðlun safna

Samþykkt var á 164. fundi safnaráðs í september að næsta sérverkefni safnaráðs fjalli um menntunarhlutverk safna með áherslu á stafræna miðlun safna og hvernig stafræn miðlun nýtist sem menntatæki. Skipað var í sérfræðihóp til að halda utan um verkefnið, en það felst í skýrslugerð um stöðu rafrænnar miðlunar á söfnum og skipulag málþings um sama efni. Sérfræðihópurinn myndi halda áfram starfi sínu fram yfir málþingið og taka saman skýrslu um stefnumótun og aðgerðaráætlun til að efla og styrkja rafræna miðlun safna.

Sérfræðihópin skipa: Ágústa Kristófersdóttir, Póra Sigurbjörnsdóttir, Anna Lís Rúnarsdóttir, Tryggvi Thayer og Sólrún Harðardóttir.

A. Viðauki – listi yfir viðurkennd söfn 2017

Viðurkennt safn	Tegund	Landshluti
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Byggðasafn Árnesinga	Menningarminjasafn	Suðurland
Byggðasafn Borgarfjarðar	Blönduð starfsemi	Vesturland
Byggðasafn Dalamanna	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafn Garðskaga	Menningarminjasafn	Suðurnes
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Menningarminjasafn	Suðurnes
Byggðasafn Skagfirðinga	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafn Vestfjarða	Menningarminjasafn	Vestfirðir
Byggðasafnið Görðum Akranesi	Menningarminjasafn	Vesturland
Byggðasafnið Hvoll	Menningarminjasafn	Norðurland
Byggðasafnið í Skógum	Menningarminjasafn	Suðurland
Flugsafn Íslands	Menningarminjasafn	Norðurland
Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Gljúfrasteinn – hús skáldsins	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Grasagarður Reykjavíkur	Náttúruminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Hafnarborg	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Heimilisiðnaðarsafnið	Menningarminjasafn	Norðurland
Hvalasafnið á Húsavík	Náttúruminjasafn	Norðurland
Hönnunarsafn Íslands	Menningarminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Iðnaðarsafnið Akureyri	Menningarminjasafn	Norðurland
Landbúnaðarsafn Íslands	Menningarminjasafn	Vesturland
Listasafn ASÍ	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Árnesinga	Listasafn	Suðurland
Listasafn Háskóla Íslands	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafn Reykjanesbæjar	Listasafn	Suðurnes
Listasafn Reykjavíkur	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Listasafnið á Akureyri	Listasafn	Norðurland
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Blönduð starfsemi	Suðurland

Viðurkennt safn	Tegund	Landshluti
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Blönduð starfsemi	Norðurland
Minjasafn Austurlands	Menningarminjasafn	Austurland
Minjasafn Egils Ólafssonar	Menningarminjasafn	Vestfirðir
Minjasafnið á Akureyri	Menningarminjasafn	Norðurland
Minjasafnið á Bustarfelli	Menningarminjasafn	Austurland
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Náttúruminjasafn	Höfuðborgarsvæðið
Nýlistasafnið	Listasafn	Höfuðborgarsvæðið
Safnasafnið	Listasafn	Norðurland
Sagnheimar	Menningarminjasafn	Suðurland
Sauðfjársetur á Ströndum	Menningarminjasafn	Vestfirðir
Síldarminjasafn Íslands	Menningarminjasafn	Norðurland
Sjóminjasafn Austurlands	Menningarminjasafn	Austurland
Sæheimar Fiskasafn	Náttúruminjasafn	Suðurland
Tækniminjasafn Austurlands	Menningarminjasafn	Austurland
Veiðisafnið	Náttúruminjasafn	Suðurland

B. Viðauki – úthlutanir úr safnasjóði 2017

a) Aðalúthlutun úr safnasjóði 2017 – verkefnastyrkir

Nafn	Heiti verkefnis	Upphæð
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Fjölnota fræðsluhús í Árbæjarsafni (Líkn) – neðri hæð	700.000
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Fríðsæld og tímaleysi í VIÐEY – 1. hluti: fræðslupakki fyrir kennara	295.000
Byggðasafn Árnesinga	Varðveisla safngripa	550.000
Byggðasafn Árnesinga	Kjöllinn – sumarsýning	500.000
Byggðasafn Árnesinga	Rafræn miðlun á sýningu Kirkjubæjar	220.000
Byggðasafn Árnesinga	Afakassi og ömmubox – Safnfræðsla	170.000
Byggðasafn Árnesinga	Forvarsla jólatrés	150.000
Byggðasafn Borgarfjarðar	Tíminn í gegnum linsuna	900.000
Byggðasafn Borgarfjarðar	Greining, flokkun og skráning steinasafns	700.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Þemasýning í Pakkhúsi Byggðasafnsins – Skólamál og almenningsfræðsla í 140 ár	1.200.000
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Afmælisfagnaður. Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna 50 ára	1.500.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Ljósmyndun muna fyrir Sarp	1.500.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Yfirfærsla myndasafns Byggðasafns Reykjanesbæjar í Sarp	1.000.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Forvörsluáætlun fyrir Byggðasafn Reykjanesbæjar	800.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	Skjaldarbruninn 1935, rannsókn	500.000
Byggðasafn Skagfirðinga	Ljósmyndun og skráning safnmuna	1.500.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla – Norska húsið	Skotthúfan 2016	700.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla – Norska húsið	Sumarsýning 2017 – Sýning á endurbótum á Norska húsinu og saga gömlu húsanna í Stykkishólmi	500.000
Byggðasafn Vestfjarða	Ég var aldrei barn	1.500.000
Byggðasafn Vestfjarða	Tengsl Íslands og Grænlands á fyrri hluta 20. aldar	600.000
Byggðasafn Vestfjarða	Námskeið í eldsmíði hjá Vélsmiðju GJS Þingeyri	500.000
Byggðasafnið Hvoll, Dalvík	Skráning í Sarp	950.000
Byggðasafnið Hvoll, Dalvík	Lítið kver um alþýðulækningar í Dalvíkurbyggð	300.000
Byggðasafnið í Görðum	Ný grunnsýning Byggðasafnsins í Görðum 2019	2.000.000

Nafn	Heiti verkefnis	Upphæð
Byggðasafnið í Görðum	Challenges Facing Historic Ship Conservation: Deconstruction or Reconstruction?	1.000.000
Byggðasafnið í Skógum	Fyrirbyggjandi forvarsla í Skógasafni 2017	1.000.000
Byggðasafnið í Skógum	Forvarsla textíla á sýningu	862.000
Félag norrænna forvarða - Íslandsdeild	Menningararfur og harmfarir (vinnuheiti) – ráðstefna	400.000
FÍSOS – félag íslenskra safna og safnmanna	Farskóli safnmanna 2017	1.800.000
FÍSOS – félag íslenskra safna og safnmanna	Safnadagurinn 18.maí 2017	750.000
FÍSOS – félag íslenskra safna og safnmanna	Námskeið í varðveislu, uppsetningu og umgengni textíla fyrir safnafólk	500.000
FÍSOS – félag íslenskra safna og safnmanna	Hvar eiga söfn að kynna sig og sína starfsemi til innlendra jafnt sem erlendra gesta	500.000
Gerðarsafn	Kvik strík – Teiknibók fyrir börn	1.000.000
Gerðarsafn	+Safneignin: Skráð fyrir opnum dyrum	1.000.000
Gerðarsafn	Staðir/staðsetningar – undirbúningur og fræðsludagskrá	500.000
Gljúfrasteinn – hús skáldsins	Forvarsla á safngripum Gljúfrasteins	1.300.000
Gljúfrasteinn – hús skáldsins	Tónleikar á Gljúfrasteini – rannsókn, sýning og viðburðir	700.000
Hafnarborg	Á ferð með Larsen – Einar Falur Ingólfsson og Johannes Larsen	1.600.000
Hafnarborg	Fræðslu sýning fyrir skólahópa og fólk með sérþarfir	700.000
Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi	Styrkjandi forvarsla	700.000
Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi	Safnmunaskrá Heimilisiðnaðarsafnsins í Sarp	500.000
Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi	Ljósmyndun búninga	400.000
Hvalasafnið á Húsavík ses.	Skráning safngripa	800.000
Hvalasafnið á Húsavík ses.	20 ára afmælisýning Hvalasafnsins	600.000
Hönnunarsafn Íslands	Miðlun kjörgripa og fastasýningar með smáforriti	950.000
Hönnunarsafn Íslands	Sókn til stærra málsvæðis	700.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri	Skráning í Sarp	850.000
Landbúnaðarsafn Íslands ses	Skráning safnmuna og rannsóknir á þeim	700.000
Listasafn ASÍ	Skráning, forvarsla og varðveisla myndverka Samúels Jónssonar í Selárdal	700.000
Listasafn Árnesinga	Sigríð Valtingoer – grafík (vinnutill)	900.000
Listasafn Árnesinga	Expressjónismi á Íslandi (vinnutill)	800.000
Listasafn Reykjanesbæjar	Forvarsla	1.000.000

Nafn	Heiti verkefnis	Upphæð
Listasafn Reykjanesbæjar	Úlfur, Úlfur	800.000
Listasafn Reykjavíkur	Tímatengd myndlist, gangasafn og gjörningar – Magnús Pálsson	1.200.000
Listasafn Reykjavíkur	Ásmundur Sveinsson - gagnasafn, aðgengi og forvarsla	800.000
Listasafn Reykjavíkur	Ráðstefna – Einstaklingssöfn í opinberri vörslu	500.000
Listasafnið á Akureyri	Nína Tryggvadóttir –Litir, form og fólk (Yfirlitssýning)	750.000
Minjasafn Austurlands	Forvarsla textíla úr eigu Jóhannesar Kjarvals	600.000
Minjasafn Egils Ólafssonar	Skráningarátak í safnkosti	900.000
Minjasafnið á Akureyri	Eðvarð Sigurgeirsson ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður	1.500.000
Minjasafnið á Akureyri	Land fyrir stafni! – Námsleikur	650.000
Minjasafnið á Bustarfelli	Bustarfellsdagurinn	500.000
Minjasafnið á Bustarfelli	Álfkonudúkinn á heimaslóðir	347.000
Náttúrufræðistofa Kópavogs	Söfnun efnis og heimilda vegna margmiðlunar, heimasíðugerðar og skráningar	1.200.000
Nýlistasafnið	Geststofa og safnfræðsla á nýjum og stærri vettvangi Nýlistasafnsins: Miðlun á sögu, sýningum og safnkosti	1.500.000
Nýlistasafnið	Skráning og úrvinnsla á filmusafni Ólafs Lárussonar listamanns (1951 - 2014)	700.000
Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands, Listasafn Akureyrar og Halldóra Arnardóttir	Handbók - Listir og menning sem meðferð: íslensk söfn og Alzheimer	700.000
Rekstrarfélag Sarps	Þarfagreining á innleiðingu strikamerkja í Sarp	1.250.000
Safnahúsið á Húsavík – Menningarmiðstöð Þingeyinga	Sjónarhorn kvenna, atvinnuljósmyndarinn og áhugaljósmyndarinn	1.800.000
Safnahúsið á Húsavík – Menningarmiðstöð Þingeyinga	Að sækja björg í björg – bjargnytjar á Langanesi	765.000
Safnahúsið á Húsavík – Menningarmiðstöð Þingeyinga	Ljósmyndir sr. Arnar	700.000
Safnasafnið	Skráning í SARP – verkhluti 1: Ljósmyndun safnmuna	1.200.000
Safnasafnið	Endurhönnun heimasíðu Safnasafnsins	700.000
Safnasafnið	Sýning á grafíkverkum eftir Dieter Roth	390.000
Sagnheimar, byggðasafn	Framhaldslíf í Sarpi og geymslum	500.000
Samband íslenskra sjóminjasafna	Skráning íslenskra fornþáta og -skipa	2.000.000
Sauðfjársetur á Ströndum ses.	Náttúrubarnaskólinn	1.300.000
Sauðfjársetur á Ströndum ses.	Endurnýjun fastasýningar Sauðfjársetursins (lokaáfangi)	1.200.000

Nafn	Heiti verkefnis	Upphæð
Síldarminjasafn Íslands ses.	Bátavernd og viðgerð gamalla trébáta – framhaldsnámskeið	250.000
Sjóminjasafn Austurlands	Ljósmyndun- og skráning safnmuna í Sarp	1.500.000
Sjóminjasafn Austurlands	Gerð heimasíðu Sjóminjasafns Austurlands	700.000
Sæheimar Fiskasafn	Teikningar Jóns Baldurs Hlíðberg í Sæheimum	600.000
Tækniminjasafn Austurlands	Skráningar og varðveisla 2017	800.000
Tækniminjasafn Austurlands	Prentmótasafn skráð og gert aðgengilegt	600.000
Tækniminjasafn Austurlands	Safnakennsla fyrir grunnskóla	230.000
Veiðisafnið ses.	Áfangi 2 Skráning og merking muna/nýtt skráningakerfi – Salur 1 og 2	650.000
		72.229.000

b) Aðalúthlutun úr safnasjóði 2017 – rekstrarstyrkir

Umsækjandi	Rekstrarstyrksupphæð
Borgarsögusafn Reykjavíkur	700.000
Byggðasafn Árnesinga	700.000
Byggðasafn Borgarfjarðar	400.000
Byggðasafn Dalamanna	400.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	400.000
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	1.000.000
Byggðasafn Reykjanesbæjar	400.000
Byggðasafn Skagfirðinga	1.000.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1.000.000
Byggðasafn Vestfjarða	400.000
Byggðasafnið Görðum Akranesi	700.000
Byggðasafnið Hvoll	400.000
Byggðasafnið í Skógum	700.000
Grasagarður Reykjavíkur	1.000.000
Hafnarborg	700.000
Heimilisiðnaðarsafnið	700.000
Iðnaðarsafnið Akureyri	400.000
Landbúnaðarsafn Íslands	400.000
Listasafn ASÍ	400.000
Listasafn Árnesinga	400.000
Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn	1.000.000
Listasafn Reykjanesbæjar	400.000
Listasafn Reykjavíkur	700.000
Listasafnið á Akureyri	700.000
Menningamiðstöð Hornafjarðar	700.000
Menningarmiðstöð Þingeyinga	1.000.000
Minjasafn Austurlands	1.000.000
Minjasafn Egils Ólafssonar	1.000.000
Minjasafnið á Akureyri	1.000.000
Minjasafnið á Bustarfelli	700.000
Náttúrufræðistofa Kópavogs	1.000.000

Umsækjandi	Rekstrarstyrksupphæð
Safnasafnið	700.000
Sagnheimar	400.000
Sauðfjársetur á Ströndum	1.000.000
Sjóminjasafn Austurlands	400.000
Sæheimar Fiskasafn	400.000
Tækniminasafn Austurlands	400.000
Veiðisafnið	400.000
Heildarupphæð	25.100.000

c) Aukaúthlutun úr safnasjóði 2017 – verkefnastyrkir tileinkaðir símenntun

Styrkþegi	Tegund umsóknar	Símenntunarverkefni	Styrkupp hæð
Borgarsögusafn Reykjavíkur	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Farskóli FÍSOS 2018	300.000
Byggðasafn Árnesinga	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Íslendingaslóðir á Washington-eyju í Wisconsin, USA	300.000
Byggðasafn Borgarfjarðar	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Námsferð til Skotlands	195.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Sumarnám við Utrecht University	300.000
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Námskeið / fyrirlesarar	Torf- og grjóthleðsla. Varðveisla handverks	300.000
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Símenntun starfsmanna	150.000
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Námskeið / fyrirlesarar	Eleventh International Conference on The Inclusive Museum - University of Granada, Granada, Spain, 6.- 8. September 2018	225.000
Byggðasafnið Görðum Akranesi	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Náms og kynnisferð á söfn í Dublin og Belfast, Írlandi	300.000
Byggðasafnið í Skógum	Námskeið / fyrirlesarar	Vettvangsferð í söfn innanlands	300.000
Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Kynnisferð til London	300.000
Grasagarður Reykjavíkur	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Samráðs- og fræðslufundir Grasagarðs Reykjavíkur og Lystigarðsins á Akureyri	300.000
Hafnarborg	Námskeið / fyrirlesarar	Fyrirlesari á málþingi um list í opinberu rými	300.000
Hafnarborg	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Museum Next London 2018	300.000
Heimilisiðnaðarsafnið	Námskeið / fyrirlesarar	Námskeið/menningarstarfsemi	100.000
Hvalasafnið á Húsavík	Námskeið / fyrirlesarar	Um mismunandi aðferðir á hreinsun og varðveislu beina	300.000
Hvalasafnið á Húsavík	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Whales: Beneath the Surface – Heimsókn á nýja tímabundna sýningu við Náttúrufræðisafnið í London	298.000
Hönnunarsafn Íslands	Námskeið / fyrirlesarar	Ráðstefna: Safnabúðir – hlutverk og tækifæri	280.000

Styrkþegi	Tegund umsóknar	Símenntunarverkefni	Styrkupp hæð
Hönnunarsafn Íslands	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Möguleikarnir í samfélagsmiðlum	192.000
Iðnaðarsafnið	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Auglýstu á Facebook	29.700
Landbúnaðarsafn Íslands	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Samþætting Landbúnaðarsafns Íslands og Erfðalindasetur Lbhí – fyrirmynd í Det Grønne Museum í Danmörku	300.000
Listasafn Árnesinga	Námskeið / fyrirlesarar	Þátttaka í Farskóla safnamanna erlendis 2018	300.000
Listasafn Reykjavíkur	Námskeið / fyrirlesarar	Söfn sem vettvangur sköpunar og gagnrýnnar umræðu	300.000
Listasafn Reykjavíkur	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Þátttaka í farskóla FÍSOS 2018	300.000
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	Námskeið / fyrirlesarar	Samstarfsverkefni forstöðumanna þriggja menningarhúsa/-miðstöðva	197.000
Menningarmiðstöð Þingeyinga	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Fræðsluferð til Skotlands	197.000
Minjasafn Austurlands	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Minjasafns Austurlands sækir heim Museum Nord – fræðsla og samstarf	250.000
Minjasafn Egils Ólafssonar	Námskeið / fyrirlesarar	Viðburðaröð sumar 2018	300.000
Minjasafn Egils Ólafssonar	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Símenntun starfsfólks Minjasafnsins að Hnjóti	300.000
Minjasafnið á Akureyri	Námskeið / fyrirlesarar	Farskóli íslenskra safna og safnmanna – erlendis	300.000
Safnasafnið	Námskeið / fyrirlesarar	Íslensk alþýðulist á 100 ára afmæli fullveldis Íslands, þróun hennar og staða í dag – Ráðstefna á Safnasafninu	300.000
Safnasafnið	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Safnasafnið og GAIA safnið	300.000
Sauðfjársetur á Ströndum	Námskeið / fyrirlesarar	Varðveisla og miðlun menningararfs í myndum	200.000
Sauðfjársetur á Ströndum	Símenntun fyrir starfsmenn safns	Svæðisleiðsögn á Vestfjörðum	300.000
Síldarminjasafn Íslands	Námskeið / fyrirlesarar	Örnámskeið í varðveislu sjóminja	300.000
Sæheimar Fiskasafn	Námskeið / fyrirlesarar	Námskeið í hreinsun lundapysja	300.000
	Alls 35 styrkir		9.213.700

d) Greining á úthlutun úr safnasjóði 2017

Úthlutað var eftir nýjum úthlutunarreglum árið 2017, þannig að viðurkennd söfn sendu inn sérstaka rekstrarumsókn sem var metin með álíka hætti og verkefnastyrksumsóknir. Upphæðir rekstrarstyrkja voru 400.000 kr., 700.000 kr. og 1.000.000 kr. til þeirra viðurkenndra safna sem sóttu um rekstrarstyrki og hafa verið metin rekstrarstyrkhæf. Viðurkennd söfn sem fá rekstrarstyrk á fjárlögum eða önnur rekstrarframlög á fjárlögum, eða þau viðurkennd söfn sem eru í ríkiseigu, geta ekki hlotið rekstrarstyrk úr safnasjóði. Að þessu sinni var í aðalúthlutun úthlutað rekstrarstyrkjum til 39 safna og 86 verkefni voru styrkt. Verkefnastyrkir voru 72,2 millj. kr. en rekstrarstyrkir 25,1 millj. kr. Í aukaúthlutun safnasjóðs var 35 styrkjum úthlutað til 27 safna að heildarupphæð 9,2 milljónir. Heildarúthlutun 2017 var því 106.542.700 kr. Þrjú viðurkennd söfn af 46 sóttu annað hvort ekki um styrki eða fengu ekki styrki af neinu tagi úr safnasjóði 2017.

Viðurkennd söfn sem njóta styrkja úr safnasjóði má flokka sem menningarminjasöfn (þá ýmist almenn byggðasöfn eða sérsöfn af einhverju tagi), listasöfn, náttúruminjasöfn og söfn með blandaða starfsemi. Hér fyrir neðan má sjá töflu yfir skiptingu styrkja milli ólíkra gerða safna á árinu 2017. 44 viðurkennd söfn fengu úthlutað úr safnasjóði af einhverju tagi, en auk viðurkenndra safna fengu fimm aðilar sem ekki teljast til safna úthlutað verkefnastyrkjum úr sjóðnum en safnalög nr. 141/2011 heimila slíka úthlutun.


Tegund starfsemi	Fjöldi aðila	% af fj.	Rekstrarstyrkir	Símenntun ar-styrkir	Verkefna-styrkir	Heildarstyrk-upphæð	% af heild
Blönduð starfsemi	3	6%	2.100.000	589.000	4.865.000	7.554.000	7%
Listasafn	10	20%	5.000.000	2.872.000	18.390.000	26.262.000	25%
Menningarminjasafn	26	53%	15.200.000	4.554.700	37.224.000	56.978.700	53%
Náttúruminjasafn	5	10%	2.800.000	1.198.000	3.850.000	7.848.000	7%
Aðrir aðilar	5	10%			7.900.000	7.900.000	7%
Alls	49		25.100.000	9.213.700	72.229.000	106.542.700	

Tafla 1

Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins leggur safnaráð faglegt mat á gæði verkefna og metur styrkhæfi umsókna með tilliti til verkefna og gildis þeirra fyrir safnastarf almennt og gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um upphæð styrkja. Ekki er sjálfkrafa úthlutað til allra verkefna sem standast lágmarksviðmið safnaráðs heldur ráðast upphæðir og fjöldi styrkja af fjölda og gæðum umsókna. Af þessu leiðir að sumir umsækjendur fengu ekki verkefnastyrk úr sjóðnum að þessu sinni, en veittir voru styrkir til 87 verkefna, en sótt var um 146 verkefnastyrki í aðalúthlutun.

Eins og sjá má á töflunni hér fyrir ofan, er heildarúthlutun úr safnasjóði í mjög jöfnu hlutfalli við fjölda safna í hverjum flokki fyrir sig. Þarna er átt við prósentuhlutfall safna sem eru í hverjum flokki fyrir sig og prósentuhlutfall upphæðar heildarúthlutunar til safna í hverjum flokki.

Hlutfall verkefnastyrkja og rekstrarstyrkja af heildarúthlutun 2002-2017




Tafla 2

Í töflu 2 má sjá þróun skiptingar úthlutunar úr safnasjóði milli verkefna- og rekstrarstyrkja frá upphafi, eða frá 2002. Þar sjást vel áherslubreytingar í úthlutun sjóðsins, frá rekstrarstyrkjum yfir í verkefnastyrki. Samkvæmt núverandi safnalögum má allt að 40 % af ráðstöfunarfé sjóðsins vera nýtt til rekstrarstyrkja, frá árinu 2010 hefur hlutfall rekstrarstyrkja farið lækkandi, frá rúmum 73% í 24% árið 2017.

e) Fjárveitingar til safnasjóðs 2002-2017

Safnasjóður var stofnaður með safnalögum árið 2001 og var fyrst úthlutað úr sjóðnum árið 2002. Sjóðurinn er á fjárlögum og hefur ekki aðrar tekjur. Tafla 3 sýnir þróun heildarframlaga í safnasjóð frá upphafi.



Tafla 3

C. Viðauki – upplýsingar um rekstur safna og faglegt starf viðurkenndra safna á Íslandi 2016

Árleg skýrsla viðurkenndra safna sem er hluti af eftirliti safnaráðs með viðurkenndum söfnum gefur upplýsingar um rekstrarárið á undan, því eru upplýsingar sem birtast hér frá rekstrarárinu 2016.

Frá árinu 2014 hafa viðurkennd söfn skilað árlegri skýrslu með upplýsingum um starfsemi sína til ráðsins og árið 2015 skiluðu höfuðsöfnin einnig þessum upplýsingum fyrir rekstrarárið 2014 og verður þeim upplýsingum einnig safnað fyrir rekstrarárið 2017.

Úr gögnunum má lesa upplýsingar um rekstur þeirra safna sem njóta styrkja úr sjóðnum og fá yfirlit yfir uppruna og ráðstöfun fjármagns í safnastarfi á landsvísu. Sömuleiðis má fá upplýsingar um gestafjölda, fjölda starfsmanna og stöðu skráningarmála úr þessum gögnum. Upplýsingar um fjárhag bárust frá 45 söfnum, viðurkennd söfn eru 46, en eitt safn fékk viðurkenningu eftir skilafrest á árlegri skýrslu ársins 2017, upplýsingarnar sem birtast í þessari skýrslu eiga því við 45 söfn.

a) Eignarhald

Eitt safn er í ríkiseigu, 15 söfn eru sjálfseignarstofnanir en flest söfnin eru í eigu sveitarfélaga eða 29 talsins. Meðaltekjur sjálfseignastofnana eru 25,2 milljónir króna, en þær hafa lækkað síðan árið 2016 um tvær milljónir króna. Meðaltekjur safna í eigu sveitarfélaga eru tæpar 90 milljónir króna, en þær hafa hækkað á milli ára.

Eignarhald	Heildartekjur	Fjöldi safna	Hlutfall heildartekna	Hlutfall fjölda
Stofnun í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga	2.600.899.644	29	86%	64%
Sjálfseignarstofnun	385.831.289	15	13%	33%
Ríkisstofnun	38.493.376	1	1%	2%
	3.025.224.309	45	1	1

Tafla 4


b) Rekstrartekjur

Heildarrekstrartekjur 45 viðurkenndra safna árið 2016 voru rétt rúmir þrír milljarðar, eða 3.025.224.309 kr.

Eigendur safna eða bakhjarlar safnanna láta söfnum í té 64% teknanna, aðgangseyrir og aðrar sértekjur eru 24% en ríkissjóður (ásamt safnasjóði) leggur til 6% heildartekna. Hluti af fé úr menningarsamningum/sóknaráætlunum kemur frá ríkissjóði og hluti frá sveitarfélögum.

Heildartekjur 45 viðurkenndra safna 2016	
Framlag eigenda – ef við á:	1.943.684.926
Styrkir úr safnasjóði	87.750.000
Styrkir frá ríki:	93.178.339
Styrkir úr menningarsamningum:	38.003.223
Styrkir, aðrir:	65.031.873
Sértekjur, aðgangur:	520.163.569
Sértekjur, aðrar:	208.803.779
Aðrar tekjur:	68.608.600
	3.025.224.309


Tafla 5



Tafla 6

c) Rekstrartekjur á safn

Heildarrekstrartekjur fimm safna voru undir tíu milljónum króna á árinu 2016 og hefur það ekki lagast frá fyrra ári. Tuttugu og fjögur söfn voru með heildarrekstrartekjur undir 40 milljónum króna og vekur athygli að það virðist hægt fækka í þeim hópi safna, sem er ákveðið áhyggjuefni. Fleiri söfn ná meira en 100 milljónum í tekjur, en nú eru þau sex talsins, en árið áður voru þau fjögur. Þessi sex söfn eru með 53% af heildartekjum allra viðurkenndra safna og þar af eru tvö í þeim hópi með 39% af heildartekjunum. Það eru söfnin í eigu Reykjavíkurborgar, Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn. Meðaltekjur allra safnanna eru 67,2 millj. kr.



Tafla 7

d) Rekstrargjöld

Upplýsingum um rekstrargjöld safnanna var skipt í launakostnað, húsnæðiskostnað (leigugjöld, afborganir lána og rekstrarkostnað húsnæðis), verkefnakostnað og annan kostnað og heildarrekstrargjöld safnanna 45 voru 3.059 þús. kr.

Hlutfall húsnæðiskostnaðar af rekstri safnanna var samtals 29% eða tæpar 879 milljónir króna (Tafla 9). Er þar átt við leigugreiðslur, greiðslur af húsnæðislánum og annan rekstrarkostnað húsnæðis, t.d. tryggingar, orkukostnað og öryggisvöktun. Tuttugu og fjögur söfn greiddu einhverja leigu og var hún að meðaltali 26,1 millj. kr. Sjö söfn greiddu af húsnæðislánum. 44 söfn töldu fram kostnað við rekstur húsnæðis, sem var að meðaltali 5,2 m.kr.

Tíu söfn greiða minna en 10% af rekstrarkostnaði í húsnæði og sjö söfn greiða um 50% eða meira í húsnæði, en meðal þeirra eru þau tvö söfn sem greiða svo til engin laun, húsnæðisliðurinn er því hærra hlutfall heildarrekstrarkostnaðar hjá þeim en hjá söfnum sem greiða laun. Það safn sem greiðir hæsta hlutfall húsnæðiskostnaðar er að greiða 90% af rekstrarkostnaði sínum í húsnæði og er það safn sem er í eigu sveitarfélags.

Hlutfall launagjalda er 48% eða 1.468 millj. kr. Eins og fyrri ár, greiddu tvö söfn engin laun árið 2016. Minnsta hlutfall launakostnaðar af heildargjöldum hjá þeim sem greiddu laun var 9% og hæsta hlutfall launakostnaðar var 84% af heildarkostnaði.


Meðalhlutfall launakostnaðar af heildarkostnaði var 54%, sé miðað við þau söfn sem greiddu laun. Meðaltal launakostnaðar hjá söfnunum var 32,5 millj. kr. árið 2016 og án tveggja stærstu safnanna var meðaltal launakostnaðar 23,1 millj. kr.

Ef horft er á launakostnað á hvert ársverk þá er mikill munur á kostnaði á milli safna, gefur það til kynna að ársverk margra safna eru vanreiknuð. Launakostnaður á ársverk er frá 3 milljónum króna til 17 millj. kr.

Tegund kostnaðar	Upphæð
Launakostnaður	1.465.833.187
Húsnæði – leigukostnaður	626.072.762
Húsnæði – annar kostnaður	228.321.705
Húsnæði – lán	24.340.237
Verkefnakostnaður	336.911.784
Annar kostnaður	377.180.117
	3.058.659.792

Tafla 8

Skipting gjalda hjá 45 viðurkenndum söfnum 2016



Tafla 9


e) Gestafjöldi

Upplýsingar um gestafjölda bárust frá 44 söfnum og árið 2016 var heildargestafjöldinn samtals 1.013.902 gestir hjá öllum þessum söfnum, en heildargestafjöldi frá 44 viðurkenndum söfnum árið 2015 var 1.066.266 gestir. Líkast til er ástæðan fyrir þessari lækkun á milli ára bæði sú að oftalið var í eitt fjölmennt safn árið 2015 (um rúma 50 þúsund gesti, vegna mistaka) og tvö söfn töldu ekki gesti árið 2016, annað safnið var lokað mest allt árið (Gljúfrasteinn) og hitt telur ekki gesti í safnið (Grasagarðurinn í Reykjavík). Má því draga þá ályktun að gestum er að fjölga ögn á milli ára hjá viðurkenndum gestum, en þó ekki með sama hraða og fyrri ár.

Meðalgestafjöldi var 23.579 og fengu þrjú aðgangshæstu söfnin 560 þúsund gesti, eða um samtals 55,2% gesta. Ef skoðað er meðaltal án þessara þriggja safna, þá er gestafjöldi 12.856 gestir.

Meirihluti safna, 26 af 45 fékk færri en 10.000 gesti á ári og 14 söfn fengu færri en 5000 gesti á ári. Fjöldi gesta var frá 350 gestum til 244.908 gesti, og augljóst er að mikill grundvallarmunur er á öllu rekstrarumhverfi safnanna sem eru viðurkennd.

Tæplega þrjátíu söfn reyna að flokka gestakomur sínar nokkuð nákvæmlega en ekki er hægt að sýna þær upplýsingar með tölfræðilegum hætti því augljóst er að nokkur munur er á hver skilgreiningin er á hverjum flokki fyrir sig, vonandi munu söfn taka sig á í skráningum gesta.



Tafla 10

Ef skoðuð er skipting eftir staðsetningu safna kemur glögglega í ljós að söfnin á landsbyggðinni búa við ólík skilyrði en söfn á höfuðborgarsvæðinu. Flest söfn eru reyndar á Norðurlandi, 12 talsins en bæði meðaltekjur safna og meðalfjöldi gesta er langhæstur á höfuðborgarsvæðinu. Austurland er með fæsta gesti á safn, en meðaltekjur eru svipaðar þar og á Vestfjörðum.

Landshluti	Fjöldi safna	Meðaltekjur safna	Meðalfjöldi gesta
Höfuðborgarsvæðið	11	158.209.135	64.461
Norðurland	12	46.734.281	16.089
Suðurnes	3	44.508.160	16.676
Suðurland	7	40.110.050	17.858
Vesturland	5	32.529.952	6.268
Austurland	4	26.227.020	2.638
Vestfirðir	3	25.950.608	7.923

Tafla 11

f) Aðgangseyrir

Þrjátíu og sjö söfn af 45 rukka aðgangseyri að jafnaði, en hjá átta söfnum er frítt að fara í safnið. Aðgangseyrir fyrir fullorðna fullborgandi gesti er frá 500 kr. upp í 2000 kr. Er meðaltal aðgangseyris 1.150 kr. Einungis fjögur söfn rukka aðgangseyri fyrir börn, frá 200 kr. upp í 750 kr. Þrjátíu söfn rukka aðgangseyri fyrir eldri borgara, frá 250 kr. til 1.500 kr. og er meðaltalið 850 kr. Aðgangseyrir fyrir hópa er að jafnaði lægri en stakra gesta, 33 söfn eru með sérstaka verðskrá fyrir hópa og meðalverðið er 867 kr.


g) Starfsmannamál

Hjá 31 safni er forstöðumaður í 100% starfshlutfalli og er það fækkun frá fyrra ári, en þá var forstöðumaður í 100% starfshlutfalli hjá 36 söfnum, en þetta er nokkuð áhyggjuefni. Hjá tveimur þessara safna er forstöðumaður í ólaunuðu starfi, hjá tveimur söfnum er forstöðumaður í 20-25% starfshlutfalli, hjá átta söfnum er forstöðumaður í 50-60% starfi og í þremur söfnum er forstöðumaður í 70-80% starfshlutfalli.

Heildarfjöldi ársverka var 182,5 og er það lækkun um heil 31,7 ársverk, en árið áður voru þau 214,2. Mætti halda að hér væru teikn á lofti og svo gæti verið að einhverju leyti, en skýringar fyrir fækkun gæti verið tvenns konar. Annars vegar það að vafist hefur fyrir forstöðumönnum hvað átt er við með ársverk og hins vegar sú staðreynd að Sarpur hefur byggt verðskrá sína á ársverkfjölda þeirra safna sem nota Sarp og fær þær upplýsingar meðal annars frá safnaráði. Því gæti einhver dregið þá ályktun að forstöðumenn stæðu frammi fyrir ákveðnum freistnivanda að skrá færri ársverk en raun eru unnin á söfnunum, án þess að hægt sé að halda því fram. Meðaltal ársverka var 4,1, lækkaði úr 4,8 ársverkum árið áður. Reykjavíkursöfnin tvö voru með 52,4 af þessum ársverkum og án þeirra tveggja lækkar meðaltal ársverka í 3,0, en árið 2015 voru ársverk án þeirra safna 3,7.

Á þessum 45 söfnum starfa 367 starfsmenn og af þeim eru 249 konur eða um 68% af starfslíði safnanna. Eins og oft hefur verið haldið fram þá virðist safnastarf vera kvennastétt, en konur eru 70% af heildarstarfslíði viðurkenndra safna. Meiri jöfnuður er þó hjá forstöðumönnum safnanna, en karlar gegna starfi forstöðumanns hjá 18 söfnum, eða 40%, og konur veita 27 söfnum forstöðu eða 60%.

Flestir starfsmenn virðast vera á listasöfnum, en þó ber að athuga að þetta segir ekki til um ársverkin, eingöngu hve margir starfsmenn eru á launaskrá, starfshlutfall getur verið lágt þó margir starfsmenn eru. Hjá listasöfnum og í söfnum með blandaða starfsemi eru konur um 78% starfsmanna, hjá menningarminjasöfnum eru konur 67% starfsmanna en mesta jafnræðið virðist vera hjá náttúruminjasöfnum, en þar eru 50% starfsmanna karlar og 50% konur.



Tafla 12

h) Staða skráningar viðurkenndra safna

Fjörtíu og fjögur söfn gáfu upplýsingar um fjölda safngripa og telur hann rúmlega níu milljónir gripa og er meðaltala safngripa 206.000 safngripir. Þau söfn sem eiga flesta safngripa eru Borgarsögusafn Reykjavíkur með sex milljónir safngripa og Minjasafnið á Akureyri með tæplega 2,8 milljónir safngripa. Í þessum tilfellum eru ljósmyndir bróðurparturinn af safnkostinum. Meðaltal safneignar er 10.400 safngripir fyrir utan þessi tvö söfn.

Fjörtíu söfn gáfu upp hlutfall safngripa sem er skráð rafrænt. Er meðaltal rafrænnar skráningar safngripa 69% og er frá 5% til 100% og hækkar þetta lítillega á milli ára. 17 söfn hafa skráð 90-100% af safnkosti sínum rafrænt og má sjá öfuga fylgni með hlutfalli skráningar við stærð safnkosts, sem sagt minni safnkostur þá herra hlutfall skráningar.

Af 45 viðurkenndum söfnum nota 38 menningarsögulega gagnasafnið Sarp og er safnkostur þeirra að einhverjum hluta aðgengilegur á ytri vef Sarps. Sjö söfn nota annað skráningarkerfi, eitt listasafn notar Virtual Collection og eitt notar Excel. Grasagarðurinn notar sérsniðið skráningarkerfi, Sóley. Náttúruminjasöfnin Náttúrustofa Kópavogs, Veiðisafnið, Hvalasafnið og Sæheimar bíða eftir samræmdri skráningarstefnu á sviði náttúruminjasafna og nota mismunandi lausnir á meðan beðið er.



SAFNARÁÐ

The Museum Council of Iceland

Samþykkt á 171. fundi safnaráðs
22. mars 2018